

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

261. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 7. janúar 2016 kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, Guðjón Loftsson, Unnsteinn Ó. Andrésson, Ragnar Smári Helgason og Árborg Ragnarsdóttir

Byggingarfulltrúi: Ólafur Jakobsson

Fundarritari: Pétur Arnarsson

Dagskrá:

1. **Erindi nr. 1510031.** Kynning á tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðisins.
2. **Fundargerð 2.** afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 10.12.2015, lögð fram til kynningar.
3. **Fundargerð 3.** afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 17.12.2015, lögð fram til kynningar.

Afgreiðslur:

1. **Erindi nr. 1510031.** Kynning á tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðisins. Ína Björk Ársælsdóttir mætti til fundar og kynnti drög að greinargerð og uppdrætti deiliskipulags unnið af Landmótun sf. dags. 6.1. 2016. Tekið til umfjöllunar. Skipulagslýsing fyrir hafnarsvæðið var auglýst til umsagnar skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 24. september 2015 til 19. október 2015. Þrjár umsagnir bárust, og var tekið tillit til þeirra.
2. **Fundargerð 2.** afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 10.12.2015, lögð fram til kynningar.
3. **Fundargerð 3.** afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 17.12.2015, lögð fram til kynningar.

Fundargerð upplestin og samþykkt. **Fundi slitið kl. 18:45**

Pétur Arnarsson

Guðjón Loftsson

Unnsteinn Ó. Andrésson

Árborg Ragnarsdóttir

Ólafur Jakobsson

Ragnar Smári Helgason